

Fundargerð Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar

06.10.2016

[200. fundur](#)

sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar

haldinn í Kjarna fimmtudaginn 6. október 2016 kl. 13:00

Fundinn sátu:

Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Árni Pétur Hilmarsson, Heiða Guðmundsdóttir, Ragnar Bjarnason og Sigurður Hlynur Snæbjörnsson.

Að auki sat fundinn Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund.

Dagskrá:

1. Rekstraryfirlit sveitarfélagsins fyrstu átta mánuði ársins
2. Heimaþjónusta
3. Fundargerð Félags- og menningarmálanefndar frá 13.09.2016
4. Reglur Þingeyjarsveitar um skólaakstur í grunnskóla
5. Leigufélag Hvamms ehf.
6. Nýtt rekstrarleyfi – Hamragil

1. Rekstraryfirlit sveitarfélagsins fyrstu átta mánuði ársins

Lagt fram rekstraryfirlit sveitarfélagsins fyrstu átta mánuði ársins, samanborið við fjárhagsáætlun 2016. Sveitarstjóri gerði grein fyrir stöðunni ásamt skrifstofustjóra sem sat fundinn undir þessum lið. Undirbúningsvinna fjárhagsáætlunar 2017 er hafin og stefnt er að fyrri umræða fjárhagsáætlunar þann 17. nóvember n.k.

Heimaþjónusta

2. Málefni félagslegrar heimaþjónustu í sveitarfélaginu tekin til umræðu, Elfa Bryndís mætti til fundarins og fór yfir umfang þjónustunnar, verkefni og aukna þörf. Um tíu starfsmenn sinna heimaþjónustu á um þrjátíu heimilum og u.þ.b. helmingur fær þjónustu í hverri viku. Farið var yfir mikilvægi samstarfs heimaþjónustu og heimahjúkrunar.

Sveitarstjórn þakkar Elfu Bryndísi fyrir greinagóðar upplýsingar.

3. Fundargerð Félags- og menningarmálanefndar frá 13.09.2016

Lögð fram fundargerð Félags- og menningarmálanefndar frá 13. september s.l. Heiða gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í 7 liðum.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

4. Reglur Þingeyjarsveitar um skólaakstur í grunnskóla

Reglur Þingeyjarsveitar um skólaakstur í grunnskóla lagðar fram til síðari umræðu. Reglurnar hafa verið kynntar fyrir skólastjórum og skólabilstjórum og verða aðgengilegar á heimasíðu sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn samþykkir framlagðar reglur um skólaakstur með sex atkvæðum. Ragnar Bjarnason greiddi atkvæði á móti.

5. Leigufélag Hvamms ehf.

Tekið fyrir erindi frá Baldri Daníelssyni f.h. stjórnar Leigufélags Hvamms ehf. dags. 3. október s.l. þar sem gerð er grein fyrir fjárhagslegri endurskipulagningu leigufélagsins, þar á meðal uppgreiðslu á yfirdrætti og óskað er eftir því að aðildarsveitarfélögin greiði þá skuld í samræmi við eignarhlut sinn í félaginu, upphæð Þingeyjarsveitar er 808 þús.kr.

Sveitarstjórn samþykkir erindi, að greiða 808 þús.kr. vegna uppgreiðslu á yfirdrætti Leigufélags Hvamms ehf. og þar með fellur niður áður samþykkt ábyrgð sveitarfélagsins gagnvart umræddri skuld.

Sveitarstjórn samþykkir fyrrgreinda upphæð sem viðauka við fjárhagsáætlun 2016 sem mætt verður með handbæru fé.

6. Nýtt rekstrarleyfi – Hamragil

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Norðurlandi eystra, dags. 26. september s.l. þar sem Jón Baldur Þorbjörnsson, f.h. Útsýn ehf., sækir um nýtt rekstrarleyfi til sölu gistingar í sumarbústað í Víðifelli, Hamragil í Þingeyjarsveit.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við nýtt rekstrarleyfi fyrir sitt leyti.

Til kynningar:

a. Flugklasinn – september 2016

Feira ekki gert og fundi slitið kl. 15:10

Arnór Benónýsson
Ásvaldur Ævar Þormóðsson
Heiða Guðmundsdóttir
Sigurður Hlynur Snæbjörnsson

Margrét Bjarnadóttir
Árni Pétur Hilmarsson
Ragnar Bjarnason



Sunnudagaskóli á Einarstöðum

Sunnudagaskóli verður á Einarstöðum næstkomandi
sunnudag, 16. október, klukkan 11:00.

Allir velkomnir.
Séra Þorgrímur.



Kirkjuskóli í Þorgeirskirkju

Kirkjuskóli verður í Þorgeirskirkju laugardaginn 15. október kl. 16.00 (athugið ekki kl. 11.00 eins og stendur í Laufásnum heldur kl. 16.00) Söngvar, biblíusaga, biblíumynd, Nebbanú að ógleymdum Rebba ref þeim mæta kirkjurebba. Djús og dund eftir stund. Verið velkomin!

Kirkjuskóli í Lundarbrekkukirkju

Kirkjuskóli verður í Lundarbrekkukirkju laugardaginn 15. október kl. 14.00. Söngvar, biblíusaga, biblíumynd, Nebbanú að ógleymdum Rebba ref þeim mæta kirkjurebba. Verið velkomin!



ath.

Sundlauginn á laugum verður lokað laugardaginn 15. október vegna jarðafara.

opnunartíma sem hér segir

mánudag til fimtudag 07:30-09:30 og 16:00-21:00

föstudaga 07:30

laugardaga 14:00-17:00

Og má þess gjarna geta að lauginn okkar er í heitari kantinum og því heit og góð fyrir litla kroppa og foreldra þeirra.:

4I.tbl.
12. okt
2016
23. árg.

Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is,s:4643366/gsm:8953386



Vinstri græn á Laugum og Mývatni

Frambjóðendur Vinstri grænna í Norðausturkjördæmi boða til opinna funda á Laugum og Mývatni.

Fimmtudaginn 13. október verða opnir fundir með Steingrími J. Sigfússyni, Birni Val Gíslason og Óla Halldórssyni í **Dalakofanum á Laugum** kl. 17:00 og í **Sel hóteli Mývatni** kl. 20:00.

Allir velkomnir!

Kynnið ykkur kosningáherslur Vinstri grænna

<http://vg.is/stefnan/>

Fylgist með okkur á netinu:

www.vgna.is og á Facebook: **vgna.is**